

Hald ehf.
vt. Gunnar Árnason &
Hlédís Sveinsdóttir
Naustabryggju 36
110 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2016

Mér hefur falið Garðabær að rita yður eftirfarandi í tilefni af áskorun sem send var sveitarfélaginu með tilvísun til lóðarinnar nr. 8 við Miðskóga, Garðabæ. Er þar skorað á sveitarfélagið að „leysa til sín byggingarlóðina nr. 8 að Miðskógum ... að skaðlausu m.v. fyrirbyggjandi forsendur máls.“ Var í því sambandi vísað til funda með bæjarstjóra o.fl. „í tengslum við umfjöllun Fréttablaðsins um fyrirætlanir sveitarfélagsins um ráðstöfun umræddrar byggingarlóðar.“

Ekki er fullljóst á hvaða grundvelli kröfu um innlausn umræddrar lóðar er beint að sveitarfélaginu. Samkvæmt eignaskráningu er félagið ÍSB fasteignir ehf. eigandi lóðarinnar á grundvelli afsals dags. 30. desember 2013. Af veðbókaryfirliti er og ljóst að gefið var út nauðungarsöluafsal vegna lóðarinnar hinn 11. apríl 2012, en Hald ehf. mun hins vegar hafa verið eigandi lóðarinnar fram til þess tíma. Garðabæ er heldur ekki kunnugt um grundvöll eða forsendur nefndrar nauðungarsölu eða uppgjöra henni tengdri, sbr. til hliðsjónar t.d. ákvæði 1. mgr. 57. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, sem varðar mat á markaðsvirði eignar við samþykki boðs, sé gerðarþoli eða annar krafinn um greiðslu eftirstöðva skuldbindingar, sbr. nánar tilgreint ákvæði.

Hvernig sem því kann að vera háttað verður á engan hátt séð að Hald ehf., eða aðrir bréfitrarar, eigi eða geti gert kröfu til þess að Garðabær innleysi umrædda lóð eða að bréfitrarar geti yfir höfuð átt aðild að kröfu um innlausn lóðar annars aðila. Þá verður heldur á engan hátt séð að umræður um skipulag á svæðinu eða hugleiðingar varðandi hugsanleg kaup á lóðinni, mörgum árum eftir nauðungarsöluna, hafi hér eða geti nokkra þýðingu í þessu sambandi, ef því er að skipta.

Er því áskorunum og meintum kröfum á hendur Garðabæ með öllu hafnað.

Virðingarfyllst,
f.h. Garðabæjar,

Andri Árnason hrl.